


Kennsluáætlun

# BLOGG



**NEMENDAHÓPUR:**  
12-16 ára - 1. verkefni  
14-16 ára - 2. verkefni

**TÍMALENGD:**  
40 mín - 1 klst.



## INNGANGUR

Að halda úti bloggsíðu er gríðarlega vinsælt meðal unglunga. Það eru því góðar líkur á því að unglingur í dag lesi reglulega bloggsíður vina og kunningja eða jafnvel haldi sjálfur úti bloggsíðu annað hvort einn síns liðs eða í félagi með öðrum.

## MARKMIÐ

Að nemendur verði færir í að halda úti sinni eigin bloggsíðu og fá þjálfun í meðferð ritaðs máls. Einnig að nemendur læri þær reglur sem gilda í samræðum og meðferð heimilda.

## FYRIR KENRARANN

Orðið blogg er í sinni einföldustu mynd notað yfir vefsíðu með með dagbókarfærslum. Mikinn fjölda bloggkerfa er hægt að finna á netinu sem gerir fólki kleift að setja skrif sín á vefinn á einfaldan og fljótlegan hátt.

Möguleikar þessara kerfa hafa á síðustu misserum aukist verulega þannig að nútíma blogg eru í mörgum tilvikum farin að minna á fullbúna persónulega vefi frekar en einföld dagbókar skrif.

Það er heillandi að geta sett hugsanir sínar og pælingar á ritað form og deilt þeim með vinum og kunningjum á bloggsíðu. Það verður þó að hafa það í huga að þó maður geti það þá er ekki þar með sagt að maður eigi að gera það. Margir hafa flaskað á því að hafa ekki velt því fyrir sér að það sem sett er út á netið er aðgengilegt öllum nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Það getur því hver sem er lesið það sem sett er á óvarða vefsíðu, líka þeir sem eru ekki vinir og ekki kunningjar. Það er einnig hægt að vista og geyma það sem skrifað er á bloggsíður og vitna til þess í öðrum greinum og nota það síðar. Aðrir fjölmiðlar s.s. sjónvarp og dagblöð fylgjast í auknum mæli með dagbókarfærslum fólks á netinu og vinna gjarnan upp úr þeim greinar og fréttir.

Þess vegna er mjög mikilvægt að hugsa sig tvisvar, jafnvel þrisvar um áður en maður setur efni út á vefinn, færir hugsanir sínar í blogg, það sama gildir um birtingu mynda og persónulegra upplýsinga.

Á netinu gildir það að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig alveg eins og í öðrum samskiptum. Það er þó ekki þar með sagt að þó einhverjum finnist í lagi að það sé slúðrað um hann að gefi þeim sama rétt til að slúðra um aðra. Fólki er skylt að koma fram við aðra af kurteisi og virðingu. Fólk getur verið ósammála og skipst á skoðunum um málefni en þegar fjallað er um aðra verður að fara varlega.

Það er kannski í lagi að ein vinkona segi eitthvað jákvætt og fallett um aðra vinkonu, vin eða kunningja. Ef einhverjum dettur hinsvegar í hug að setja inn asnalega mynd af vini eða kunningja, segja frá einhverju neyðarlegu atviki sem einhver annar lenti í eða slúðra um hver sé að hætta með hverjum og hver sé sár og hver sé reiður þá er hinn sami á villigötum því þá er nánast öruggt að hann sé að fara að særa einhvern þeirra sem um er rætt. Það hefur enginn rétt á því. Það er bannað.



## VERKEFNI 1

### **Bloggsíða/heimasíða um ákveðið viðfangsefni (7. - 10. bekkur)**

Flest bloggkerfin sem eru í gangi núna eru orðin það fullkomin að það má segja að þau séu í raun lítil vefumsýslukerfi. Það má því nota þau til að búa til og skipuleggja litla vefi með aðalsíðu, undirsíðum o.fl.

Það er mikilvægt í þessu að umfjöllunarefni bloggsins/vefsins sé í tengslum við námsefni annarra námsgreina og að kennari fari vel yfir reglur um meðferð heimilda.

### **Dæmi um viðfangsefni:**

Í 7. bekk að tengja vefinn námsefni í samfélagsfræði og láta 2-4 nemendur saman í hóp gera blogg/heimasíðu um eitt Evrópuland.



## VERKEFNI 2

### Bekkjarblogg um ákveðið umræðuefni. Rökræður. (8. - 10. bekkur)

Hér þarf kennarinn að stofna blogg síðu með aðgangi fyrir nemendur. Kennarinn varpar fram umræðuefni og verkefni nemenda er að senda inn a.m.k. eina grein um efnið þar sem hann tjáir skoðanir sínar. Hér er mikilvægt að farið sé vel yfir samskiptareglur í rökræðum. Greinar verða að snúast um málefni en ekki persónur fólks. Það getur verið sniðugt að skipta bekknum í fylkingar með og á móti til að auka fjörið í umræðunum.

